


ÁSVALLABRAUT Í HAFNARFIRÐI



TENING

VALLAHVERFIS OG ÁSAHVERFIS VIÐ KALDÁRSELSVEG

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI OG
UMHVERFISSKÝRSLA

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 22.8.2017, breytt 19.9. 2017 og 10.01.2018 skv. athugasemdum Skipulagsstofnunar og skýringaruppdráttur með sömu dagsetningum.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Lega Ásvallabrautar og afmörkun deiliskipulags.	4
3. Markmið deiliskipulagsins	5
4. Staðhættir.....	5
5. Fornleifar	5
6. Göngu- og hjólréiðaleiðir.....	6
7. Röskun á nærumhverfi Ásvallabrautar	6
8. Frágangur á nærumhverfi Ásvallabrautar	6
9. Línur.....	6
10. Eignarhald á landi.....	6
11. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	7
11.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.....	7
11.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.....	7
11.3 Breytingar á aðliggjandi deiliskipulagi.....	7
12. Frágangur hverfisverndarsvæðis HVa 10 og „Græni trefillinn“	8
13. Hljóðvist.....	8
14. Umhverfisáhrif.....	10
15. Afgreiðsla eftir auglýsingu.....	10

Myndaskrá

Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið.....	4
Mynd 2. HVa. 10 Skarðshlíð /lækjarfarvegur.	7
Mynd 3. Þrívíddarmynd af hljóðvegg fyrir neðan Furuás og Brekkuás, meðfram Ásvallabraut.	8
Mynd 4. Frágangur við Ásvallabraut til að að draga úr hávaða frá umferð–Mön, girðing og gróður við Brekkuás.	9
Mynd 5. Frágangur við Ásvallabraut til að að draga úr hávaða frá umferð – Mön, girðing og gróður við Furuás.	9

1. Inngangur

Ásvallabraut tengir saman Vallahverfi og Ásland í Hafnarfirði. Liggur frá Aftantorg sem er síðasta hringtorg á Ásvallabraut á Ásvöllum yfir hrygg milli Ásfjalls og Vatnshlíðar sem eru þekkt kennileiti á svæðinu og tengist við Kaldárselsveg um gatnamót Brekkuáss. Í forhönnunarskýrslu VSB segir; „Með lagningu Ásvallarbrautar frá Skarðshlíð að Áslandi 3 er verið að tengja saman byggðasvæði sitt hvoru megin Ásfjalls og þar með gera Skarðshlíð og hverfin ofarlega á Völlum betur tengd Kaldárselsvegi og Reykjanesbraut. Einnig er Ásvallabraut ætlað að þjóna byggingarsvæðum sem fyrirhuguð eru í framtíðinni, sitt hvoru megin við hana.

„Aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir því að „Ofanbyggðavegur“ verði lagður um jarðgöng eða ofanjarðar. Samhliða deiliskipulaginu er gerð breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Brautinin er hinsvegar skilgreind í Aðalskipulagi 2005-2025 og áhrifin metin í kafla 2.3 Samgöngur. Lega hennar er síðan færð örlítið að landslaginu í nýja aðalskipulaginu (2013-2025), en ekki fjallað sérstaklega um hana í nýju umhverfisskýrslunni sem aðeins fjallar um breytingar og viðbætur frá fyrra aðalskipulagi skv. samkomulagi við Skipulagsstofnun. Núverandi útfærsla er samkvæmt fyrirbyggjandi forhönnunargögnum sem unnin eru af VSB verkfræðistofu í Hafnarfirði. Fallið er frá gerð deiliskipulagslýsingar en vísað til 40. grein skipulagslaganna: „Sveitarstjórn er heimilt að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.“ Greinargerð þessari fylgi umhverfisskýrsla þar sem umhverfisáhrif skipulagsins eru metin. Talið er að þrátt fyrir mótvægisáðgerðir eru líkur til að áhrif breytingarinnar séu nokkuð neikvæð á umhverfisþættina landslag og ásjúnd. Breytingin hefur jákvæð áhrif á byggðarmynstur og samgöngur en hefur ekki áhrif á minjar, lýðheilsu og útivist.

2. Lega Ásvallabrautar og afmörkun deiliskipulags.

Legu Ásvallabrautar er lýst frá mörkum deiliskipulags við núverandi tenginu við Kaldárselsveg í átt að Vallarhverfi. (Ásvallabraut heldur áfram til norðurs og tengist Kaldárselsvegi á hringtorgi.) Brautinin er lögð í góðri fjarlægð frá byggðinni eða 70m að miðlinu frá lóðarmörkum við Brekkuás sem næst stendur og 80m að miðlinu frá lóðarmörkum við Furuás sem næst stendur fyrir ofan braut.



Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið.

Tilfærsla brautarinnar liggur yfir nyrstu hesthúsin sem hafa verið reist utan við skipulag Hlíðarþúfu svokölluð hús á „Alkóhóli“. Við Hlíðarþúfuhverfið ná fláar neðan við brautina að hestagerðum í hverfinu. Til þess að lágmarka fyllingar þá er brautin grafin niður gegnum hábungu leiðarinnar. Veglína frá hábungu í átt að Vallarhverfinu er felld í landið. Þar sem farið er niður um dalverpi að Vallarhverfinu þarf að skera vegstæðið inn í hlið til þess m.a. að ná hagstæðum lengdarhalla á veglínu. Deiliskipulagssvæðið nær yfir vegstæði væntanlegrar Ásvallabrautar. Tekið er frá nægilegt rými til þess að innan deiliskipulagssvæðis rúmist framtíðar lega brautarinnar og mótvægisáðgerðir. Mörk deiliskipulagsins eru breytileg og ná út fyrir raskað land vegna stígs norðan við veglínu og mön minnst 5m út fyrir raskað land vegna manar, vatnsrásar og fyllinga sunnan veglínu. Við báða enda veglínu eru deiliskipulagsmörkin hinsvegar aðlöguð kringumstæðum. Að vestan er hverfisverndarsvæði tekið inn í skipulagssvæðið.

3. Markmið deiliskipulagsins

Markmiðið með deiliskipulaginu er að tryggja að fyrir liggja lögformlegt skipulag fyrir framkvæmdina og að hún verði í samræmi við aðrar deiliskipulagsáætlanir og skipulagsáform, á þeim svæðum sem að framkvæmdasvæðinu liggja.

Áætluð umferð um hefur verið metin af VSO verkfræðistofu og gerir spáin ráð fyrir „umferðarflæði um Ásvallabraut árið 2025, 13–15 þúsund bílar á sólarhring, án eða með Ofanbyggðavegi. Umferðarmagn með 15 þúsund bíla á sólarhring kallar á götuþversnið með fjórum akreinum, tvær í hvora átt.“

Í samráði við verkkaupa var tekin sú ákvörðun að aðeins skuli tekið frá landrými fyrir tveggja akreina veg og gerir hönnun og deiliskipulag ráð fyrir tveimur akreinum. Með þessu er verið að dreifa umferð og auðvelda umferðarflæði.

4. Staðhættir

Allt svæðið sem vegurinn liggur um er fyrirhugað byggingarland samkv. AH 2013-2025 að mestu óbýgt, aðeins við báða enda brautar er komið inn að byggingarsvæðum sem eru í framkvæmd.

Landslag er ávalt jökulsorfin grágrýtis- og móbergsholt en í lægðum beggja vegna eru hraun frá nýrri tíma jarðsögulega. Austan við er Gráhelluhraun en vestan við hefur Kapelluhraun runnið.

Gróðurfar. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar segir eftirfarandi. „Á holtum og við fellin er mólendi meira ríkjandi og víða er gróðurþekjan rofin og ósamfelld. Við Hvaleyrarvatn er alaskalúpína talsvert útbreidd og breiðist greinilega hratt út.

Lúpínubreiður er mest áberandi gróður á holtinu sem farið er um. Ennfremur hefur verið gróðursettir nokkrir reitir með birk, greni og furu og lendir hluti þess í vegstæðinu. Lagt er til að nýræktaður trjágróður verði tekin upp og komið í geymslu (á svæðinu) meðan á framkvæmd stendur og hann síðan gróðursetur í og við manir þannig að þær falli vel að umhverfinu.

Malarslóðar hafa verið lagðir um svæðið. Svæðið fellur að hluta að hugmyndum um Græna trefilinn sem liggur á jaðri byggðar á Höfuðborgarsvæðinu sjá AH 2013-2025.

5. Fornleifar

Engar fornleifar eru skráðar innan áhrifasvæðis deiliskipulagsins Ásvallabrautar.

6. Göngu- og hjólréiðaleiðir

Gönguleiðir sem munu liggja norðan við fyrirhugaða Ásvallabraut munu tengjast íbúðahverfi við Brekkúás. Sömu leiðis tengist stígurinn alveg niður að Aftantorgi enn ekki með Ásvallabraut. Samkvæmt AH 2013-2025 er talað um Grænatrefilinn sem er sameiginlegt trjáræktar og útivistarsvæði á jaðri byggðar. Ásvallabrautar þverar hann á brún (Skarðshlíðar) upp af byggðinni við upphaf lækjarfarveggar (HVa 10). Til þess að auðvelda aðgengi og tengja betur saman íbúðabyggð og útivistarsvæðið við Hvaleyrarvatn verða sett undirgöng fyrir gönguleið undir Ásvallabraut, sunnan hringtorgs á mótum Ásvallabrautar, Kaldárselsveggar og Elliðavatnsveggar. Endanleg staðsetning ræðst af aðstæðum og landhæð umhverfis Ásvallabraut. Undirgöngin koma fram á upprætti deiliskipulagsins. Breidd göngu- og hjólréiða eru 3m.

7. Röskun á nærumhverfi Ásvallabrautar

Lagning vegarins mun óhjákvæmilega hafa rask í för með sér. Nokkuð rask verður á ræktuðum gróðursvæðum, trjáreitum. Ennfremur á náttúrulegum gróðri, bæði melagróðri og mólendi. Í gegnum háholdið miðja vega þarf að grafa veginn niður til þess að ná ásættanlegri legur vegarins fyrir ofan hesthúshverfið í Hlíðarþúfu. Þrátt fyrir það er fylling mikil undir veginn að hluta ofan við Hlíðarþúfu.

8. Frágangur á nærumhverfi Ásvallabrautar

Draga þarf úr neikvæðum áhrifum vegar á umhverfi fyrir aðliggjandi byggð. Raski sem af framkvæmdunum leiðir verði lagfært. Endurmótun raskaðs lands verður með trjárækt grasi og göngustigum ennfremur verður reynt að halda í lítt snortið land. Vegna stærðar fyllinga fyrir ofan Hlíðarþúfu þarf að ráðast í umfangsmikla uppgræðslu á fláa niður að hesthúshverfinu til að binda jarðveg með því að loka yfirborð flá með jarðvegsbindandi gróðri og trjárækt. Fláafót þarf að byggja upp á nokkrum stöðum með stoðveggi eða með steinkistum.

Lagt er til að nýræktaður trjágróður úr vegstæði verði tekin upp og komið í geymslu (innan svæðis) meðan á framkvæmd stendur og hann síðan gróðursetur í og við manir þannig að þær falli vel að umhverfinu.

Nýræktun í tengslum við lagningu vegarins verði hönnuð og útfærð með lokahönnun vegarins og boðin út með gatnagerðinni.

9. Línur

Háspennulínur. Um svæðið liggur stór háspennulína til austurs frá tengivirki við Hamranes áleiðis að Geithálsi sem er í eigu Landsnets. Hamraneslínur 1 og 2 220 Kv fyrir álverið í Straumsvík. Þær eru báðar saman á möstrum og flytja í dag 2/3 þess afls sem notað er í ÍSAL. Samkomulag er milli Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets um að línan verður tekin niður og því lokið eigi síðar en 2020, sjá fylgiskjal samkomulag við Landsnet.

10. Eignarhald á landi

Land fyrir nýtt vegstæði er allt í eigu Hafnarfjarðarbæjar.

11. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

11.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.

Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2015-2040 var staðfest 29. júní 2015 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. júní 2015 en deiliskipulag Ásvallaþrautar er í samræmi við það. Ný lega Ásvallaþrautar yfir Ásfjall á Kaldárselsveg var einnig sýnd í eldra Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2001-2024.

11.2 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Í endurskoðun aðalskipulagi 2013-2025 er lega götunnar sýnd ásamt tillögu að framtíðar veggöngum. Deiliskipulagið sýnir endanlega legu Ásvallaþrautar og er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu vegna breyttrar legu Ásvallaþrautar. Umhverfismat áætlaða nr. 105/2006, sbr. 3. mgr. 13. gr. Deiliskipulagið er auglýst og málsmeðferð er í samræmi við gr skipulags- og byggingarlaga nr.123/2010, m.s.br.

11.3 Breytingar á aðliggjandi deiliskipulagi.

Mismikilla breytinga er þörf og eru allar skipulagsáætlanir taldar upp þó svo að þær þurfi ekki að breytast. Landnotkun svæða er í flestum tilvikum sú sama eftir sem áður svo og göngutengingar.



Mynd 2. Hv. 10 Skarðshlíð /lækjarfarvegur.

Breytingar felast fyrst og fremst í breyttri afmörkun deiliskipulagssvæða og breytingu á áður hugsaðri tillögu að legu Ásvallaþrautar við Ásvelli 3. Ásvallaþraut snertir eftirfarandi gildandi skipulagsáætlanir.

1. Deiliskipulag fyrir Ásland 3.áfanga. ÍB 9 - Deiliskipulag öðlast gildi 27.02.2007.

Deiliskipulagsmörk breytast óverulega og fylgja legu Ásvallaþrautar allt niður að tengingu hennar við hringtorg á Kaldárselsvegi. Stígur sem kominn er helst óbreyttur og verður hluti deiliskipulags Ásvallaþrautar. Gatnamót að Brekkuási leggjast af.

2. Deiliskipulag „Hestasvæði Hliðarþúfum“

ÍB 5 - hestamannafélagsins Sörla. Deiliskipulag öðlast gildi 18.03 2003. Breyting er eingöngu að afmörkun svæðisins breytist frá því sem áður var.

3. Deiliskipulag Velli 7. ÍB 7. Deiliskipulag

öðlast gildi 2008. Breyting er óveruleg og snertir helst afmörkun við

Hverfisverndarsvæði

Jafnframt auglýsingu þessa deiliskipulags verða breytingar á þeim deiliskipulagsáætlunum, sem munu taka breytingu, verða auglýst sbr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010.

12. Frágangur hverfisverndarsvæðis HVa 10 og „Græni trefillinn“.


Vegna nálægðar vegarins við hverfisverndarsvæðið (HVa 10) er lagt til að það sé tekið inn í deiliskipulag Ásvallabrauta til þess að unnt verði að vinna með aðlögun vegarins að svæðinu. Bæta aðstöðu fyrir þá sem leið eiga um með gönguleið og Afmörkun svæðisins er endurskilgreind og markar Ásvallabraut útlínu við vestur og suðurarmörk en gönguleið með jaðri væntanlegrar byggðar í Völlum 7 móti austri og til norðurs. „Græni trefillinn“. Samkvæmt aðalskipulagi þá fer um svæðið mikilvægur þáttur í útivistaruppbyggingu í upplandi Hafnarfjarðarbæjar. Græni trefillinn, samfellt útivistar og skógræktarsvæði sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu liggur um hluta upplands Hafnarfjarðar. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð umfram það sem orðið er, og mestur hluti svæðisins er hverfisverndaður, sbr. kafla 2.2.23B. Sbr aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

13. Hljóðvist

Gerð var hljóðvistarúttekt vegna legur Ásbrautar við íbúðasvæði við Brekkuás og Furuás. Niðurstaðan var samkvæmt mælingu í sérstöku reikniforriti að hús og íbúðir í Tinnuskarði og Völuskarði í Vallahverfi og Furuási og Brekkuási í Ásahverfi yrðu fyrir ónæði af umferðarhávaða. Hljóðvist við húsvegg mælist yfir 55dB sem eru mörk hávaða vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð nr. 724/2008.


Varðandi byggð við Völuskarð og Tinnuskarð sem er óbyggt en skipulagt hverfi í Vallahverfi er gert ráð fyrir mótvægisgerðum með hljóðveggjum þegar byggð fer að rísa þar. Lagt er til að fylgja ráðleggingum eftir athugun á hljóðvísti á aðalatriðum.

Í niðurstöðum VSO á hljóðvístarmælingum á nýrri legu Ásvallabrautar Minnisblað frá VSO 22.09.2016 segir í niðurstöðum „miðað við þessar forsendur og engar hljóðvarnir verða hús næst Ásvallabraut og Kaldárselsvegi fyrir ónæði af völdum umferðarhávaða og fer þar hljóðvist yfir 55 dB(A), sem eru mörk hávaða vegna umferðar ökutækja samkvæmt reglugerð nr.724/2008.“ Það á við hús Brekkuás 1 Dalsás 2 – 6, Dalsás 8 – 12, Furuás 21 og Furuás 23 – 27. Þar þarf að framkvæma mótvægisgerðir til að ná æskilegu hljóðstigi við hús og er lagt til komið verði fyrir hljóðmön allt að 2m að hæð og 1,0 m háum hljóðveggs úr timbri ofan á jarðvegsmön við Ásvallabraut.




Mynd 3. Þrívíddarmynd af hljóðvegg fyrir neðan Furuás og Brekkuás, meðfram Ásvallabraut.

Vísa til Minnisblaðs VSO frá 22.09.2016 sem er fylgiskjal með deiliskipulaginu. Sjá auk þess skýringamynd með deiliskipulagi sem sýnir m.a. umfang landslagsmótunar vegna vegaframkvæmdar.



Mynd 4. Frágangur við Ásvallabraut til að draga úr hávaða frá umferð-Mön, girðing og gróður við Brekkuás.



Mynd 5. Frágangur við Ásvallabraut til að draga úr hávaða frá umferð - Mön, girðing og gróður við Furuás.

14. Umhverfisskýrsla

Tengibrautir í þéttbýli eru matskyldar skv. 2. viðauka – liður 10 í Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Brautin verður lögð í gegnum framtíðar íbúasvæði ÍB13 og ÍB11, meðfram verslunar- og þjónustusvæði VP10 og Samfélagsþjónustusvæði S35.

Deiliskipulagið er líklegt til að hafa áhrif á umhverfisþættina samgöngur, lýðheilsu, útivist, byggðarmynstur og ásýnd. Skipulagssvæði Ásvallarbrautar er 16 ha og umfangsmikil umferðarmannvirki geta haft neikvæð áhrif á ásýnd hverfisins, útivistargildi og ásýnd í nálægð við útivistarsvæði við hesthúsahverfið Hlíðarþúfur og nágrenni þess“

Umhverfisþáttur	Vægi	Áhrif
Landslag	÷	Nokkuð neikvæð áhrif á landslag
Ásýnd	÷	Nokkuð neikvæð áhrif á ásýnd
Minjar	0	Hlutlaus áhrif á minjar
Lýðheilsa	0	Hlutlaus áhrif á lýðheilsu
Byggðarmynstur	+	Nokkuð jákvæð áhrif byggðarmynstur
Útivist	0	Hlutlaus áhrif á útivist
Samgöngur	++	Jákvæð áhrif á tengingar milli hverfa

Í mótvægisáðgerðum verður dregið úr neikvæðum áhrifum samgöngumannvirkja, tryggja vegfarendum öruggt og heilnæmt umhverfi óháð ferðamáta. Hjólandi og gangandi verður gert auðveldara að komast leiðar sinnar. Liður í því að styðja við áðgerðir sem stuðla að breyttum ferðavenjum til að draga úr umfangsmiklum umferðarmannvirkjum.

Til að uppfylla skilyrði vegna hávaða frá umferð þarf að byggja hljóðvegg næst byggð í Furuás og Brekkuás, ennfremur gera ráð fyrir hljóðvegg við Tinnuskarð og Völuskarð þegar uppbygging hefst þar.

Lagður verður stofnstígur fyrir hjólríðafólk meðfram Ásvallarbraut. Huga þarf að því að auðvelda aðgengi að grunnþjónustu og almenningssamgöngum í hverfunum. Talið er að þrátt fyrir mótvægisáðgerðir eru líkur til að áhrif breytingarinnar séu nokkuð neikvæð á umhverfisþættina landslag og ásýnd. Breytingin hefur jákvæð áhrif á byggðarmynstur og samgöngur en hefur ekki áhrif á minjar, lýðheilsu og útivist.

15. Afgreiðsla eftir auglýsingu

Að auglýsingu lokinni verður fyllt inn í þennan kafla.